

1236. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 9. nóvember 2022, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. Hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Helga Ingólfsdóttir, Jón Steinar Brynjarsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Arnþór Sigurðsson varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Mættar á fjarfund voru: Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Harpa Sævarsdóttir og Fríða Thoroddsen.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið.

Dagskrá:

1. Fundargerðir 1234. stjórnarfundar VR og 1235 stjórnarfundar VR voru lagðar fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerðir 1234. og 1235. stjórnarfunda VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við þær.

Fundargerðirnar var samþykktar og undirritaðar.

2. Yfirlýsing stjórnar VR 7. október 2022 um stuðning við formann.

Fyrir fundinum lá skjalið „Samþykkt milli funda, stuðningur við formann“ til kynningar.

Formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, bauð sig fram til forseta Alþýðusambands Íslands á þingi sambandsins í október síðastliðnum (sjá fundargerð 1235. stjórnarfundar VR). Öll sem sitja í aðalstjórn félagsins, að formanni undanskildum, samþykktu á milli funda eftirfarandi til birtingar opinberlega:

Stjórn VR lýsir yfir fullum stuðningi við framboð Ragnars Þórs Ingólfssonar til forseta ASÍ

Í ljósi umræðu og greinaskrifa stjórnarfólks í 12 aðildarfélögum innan ASÍ hér á Vísi.is í gær þar sem veist er að formanni VR með afar ósmekkleikum hætti viljum

við stjórnarfolk í VR koma því á framfæri að þetta er ekki sá Ragnar Þór sem við þekkjum mörg býsna vel eftir margra ára stjórnarsetu saman í stjórn VR. Ragnar Þór hefur verið formaður VR í næstum þrjú kjörtímabil frá því hann var kosinn formaður félagsins árið 2017. Hann hefur endurnýjað sitt umboð frá félagsmönnum á tveggja ára fresti og ávallt fengið mjög góðan stuðning í embætti formanns. Þar sem fyrirkomulagið í 15 manna stjórn VR er með þeim hætti að helmingur stjórnar kosinn árlega til tveggja ára skiptir miklu máli að vanda til verka innan stjórnar þannig að góður liðsandi myndist og styrkleikar stjórnarinnar fái að njóta sín. Við stjórnarfolk í VR erum ólíkur hópur og alls ekki alltaf sammála og vissulega langir stjórnarfundir oft á tíðum en Ragnari Þór hefur tekist að byggja upp góðan liðsanda í hópi stjórnar þar sem frjáls og opin skoðanskipti eiga sér stað og allar raddir fá að heyrast. Ragnar Þór hefur verið öflugur formaður VR og stjórn VR lýsir yfir fullum stuðningi við framboð hans til forseta ASÍ.

Umræður.

3. Kjaramál – staðan í kjaraviðræðum

Fyrir fundinum lágu skjölin „Efnahagslegar forsendur Kynning Róbert ASÍ á fundi með SA 1. nóv 2022“, „Kynning LÍV, VR og SGS fyrir SA 1 nóv 2022 um stöðu fyrir komandi kjarasamning“, „Kynning SA 1. nóv. Staða efnahagsmála fyrir kjarasamninga LÍV-SGS“ og „Tilboð til SA 9. nóv og hugmyndir SA um hækkun launa“ til umræðu

Ragnar Þór fór yfir stöðuna á glærum. Hann skýrði frá því að fundað hafi verið með Samtökum atvinnulífsins í dag [9. nóvember 2022] þar sem lagðar hafi verið fram hugmyndir að launahækkunum og SA hafi kynnt sínar hugmyndir. Sjá nánar í skjalinu „Tilboð til SA 9. nóv og hugmyndir SA um hækkun launa“. Rætt væri um möguleikann á styttri samningi til 1. febrúar 2024, að kröfu SA.

Í tilboði LÍV/VR og SGS er hvati til Seðlabankans og stjórnvalda að lækka vexti og til atvinnulífsins að leggja sitt af mörkum til að ná niður verðbólgu sagði Ragnar Þór. Hann sagði samninganefnd LÍV/VR og SGS hafa kallað eftir því hjá SA hvernig fyrirtækin geti komið að þessu. Verið sé að vinna frekari greiningar og hugmyndir á borði hópsins og rætt um fleiri varnagla inn í launaliðinn.

Þá kynnti Ragnar Þór hugmyndir LÍV/VR og SGS um kröfur á stjórnvöld. Gerð er krafa um að stjórnvöld standi við gefin loforð í tengslum við Lífskjarasamninginn, um að barnabætur verði hækkaðar og breytt vísitala notuð til verðtryggingar. Þá eru þar kröfur sem snúa að húsnæðismarkaði, s.s. um uppbyggingu íbúða og aðkomu sveitarfélaga þegar kemur að lóðaframboði.

Stefán fór stuttlega yfir niðurstöður rannsóknar Ásgeirs Daníelssonar, fyrrum forstöðumanns rannsóknar- og spádeildar á hagfræðisviði Seðlabanka Íslands. Rannsóknin sýndi að á síðustu 20 árum hafi ekki verið til staðar tölfræðilegt samband milli launahækkana og verðlags. Ásgeir telur sig finna samband til lengri tíma, 1980 – 2000 er sterk fylgni milli hækkana launa og verðlags. Stefán benti á að verkalýðshreyfingin hafi þannig samið innan svigrúms atvinnulífsins á síðustu árum.

Þá benti Stefán á að landsframléiðslan væri nú komin yfir það sem hún var fyrir Covid. Spáð væri góðum hagvexti á þessu ári og 2,1-3% á næsta ári, staða efnahagslífsins væri sterk.

Hvað varðar framléiðni á vinnumarkaði benti Stefán á að framléiðniaukning almenna markaðarins væri mun meiri en markaðarins í heild. Svigrúm á vinnumarkaði fyrir launahækkanir væri töluvert. Hann fór yfir stöðu 13.900 fyrirtækja, mikill meirihluti fyrirtækja skilaði hagnaði árið 2021, óháð atvinnugrein, og rekstrarbati er í öllum geirum. Hann fór yfir stöðu fyrirtækja í ferðapjónustu og sjávarútvegi. Í ferðapjónustu má sjá að fjöldi gistinguáttá á þessu ári er kominn umfram það sem hann var á sambærilegum tíma fyrir Covid. Svigrúm útflutningsgreina er mikið, einkum í sjávarútvegi.

Umræður.

Ragnar Þór óskaði eftir umboði frá stjórn til að vísa kjaraviðræðum til ríkissáttasemjara, ef til þess kæmi.

Samþykkt samhljóða.

Ragnar Þór óskaði eftir heimild til að lengja fundinn til 21:30.

Samþykkt.

Harpa Sævarsdóttir fór af fundi kl. 21:00.

4. Breyting á kjarasamningi með tilliti til kynjaðs orðalags

Fyrir fundinum lá skjalið „Skýrsla um orðalagsbreytingar í kjarasamningi 2022“ til kynningar.

Stefán sagði að lagt hafi verið til við atvinnurekendur að orðalagi yrði breytt í kjarasamningi í þeim tilgangi að takmarka kynjað orðalag. VR hefur unnið að því markvisst að breyta orðfæri félagsins þannig að kynhlutlaus orð séu notuð þegar það er hægt og notkun orðsins maður verði takmarkað eins og hægt er.

Stefán fór yfir hugmyndir að breytingum á orðanotkun í kjarasamningi, þegar því verður við komið.

Umræður.

Stjórn lýsti yfir ánægju með þessar hugmyndir.

5. Starfs- og fjárhagsáætlun 2023

Fyrir fundinum lágu skjölin „Áætlun samstæða VR árið 2023“, „Rekstraráætlun á sjóði VR árið 2023“ og „Starfsáætlun 2023 VR árið 2023“ til kynningar. Skjölin munu liggja milli funda stjórnar.

Stefán fór yfir fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2023 á glærum. Forsendur áætlunarinnar eru að félagsfólki fjölgi um 2,7% á árinu 2023 og að fjölgun í ár verði 5,6%. Þá er gert ráð fyrir 4,4% hækkun launa félagsfólks. Miðað er við að atvinnuleysi meðal félaga í VR verði 2% árið 2023 samanborið við 3% í ár. Áætlun verðbólga ársins 2023 er 6%. Gert er ráð fyrir að meðalávöxtun verðbréfasafna VR verði 6,5% á næsta ári og raunávöxtun um 0,5%.

Hvað varðar helstu stærðir er gert ráð fyrir að rekstrartekjur ársins 2023 verði um 6,2 ma.kr. og gjöld um 5,3 ma.kr. Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliði er áætlaður um 874 m.kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir 642 m.kr.

Þegar kemur að sjóðum félagsins er gert ráð fyrir að tekjur félagssjóðs umfram gjöld verði 460,6 m.kr. og er ekki gert ráð fyrir framlagi frá sjóðnum í VR varasjóð að þessu sinni í ljósi sterkari stöðu Sjúkrasjóðs VR.

Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur Sjúkrasjóðs umfram gjöld verði 214,3 m.kr. árið 2023. Framlag Sjúkrasjóðs í VR varasjóð er áætlað 648,1 m.kr. Reiknað er með að greiðsla sjúkradagpeninga hækki um 2% milli ára og að sjúkradagpeningar verði 63% af iðgjaldtekjum sjóðsins 2023 en það hlutfall er áætlað 71% í ár. Og hvað Orlofssjóð varðar er gert ráð fyrir að rekstrartekjur umfram gjöld verði 190,8 m.kr.

Framlag í VR varasjóð fyrir árið 2023 verður lagt fram til samþykktar á aðalfundi í mars 2023 en lagt er til að það hækki um 100 m.kr. og verði 905 m.kr.

Stefán fór því næst stuttlega yfir verkefnastöðu Verkefnastofu en í byrjun nóvember 2022 voru 13 verkefnahópar starfandi.

Umræður.

6. Íbúðabréf í eigu VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Lækkun á virði Íbúðabréfa minnisblað“ til kynningar.

Ragnar Þór skýrði frá stöðu félagsins varðandi bréf ÍL-sjóðs í eigu félagsins en þessi sjóður heldur utan um eignir og skuldir gamla Íbúðalánasjóðs. Hallarekstur mun að líkindum leiða til greiðsluvanda ÍL-sjóðs eftir um 12 ár. Fjármálaráðherra kynnti í október skýrslu um stöðu sjóðsins og í kjölfarið lækkaði verð bréfanna.

Stefán sagði frá því að íbúðabréf hafi verið í verðbréfasafni félagsins síðustu ár og hefur VR notið þess í ávöxtun. Bréfin hafi verið bókuð á yfirverði en hafa nú verið færð niður. Áhrif þessa er um 328 m.kr. en engin áhrif verða á rekstur félagsins.

7. Bréf til stjórnar vegna dánarbóta

Stjórn félagsins barst bréf frá aðstandanda látins félaga þar sem óskað var nánari upplýsinga um reglur Sjúkrasjóðs um dánarbætur.

Umræður.

Selma Björk Grétarsdóttir fór af fundi kl. 21:30.

Að loknum umræðum sagði Ragnar Þór að fyrirspurninni verði beint til Sjúkrasjóðs.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 21:40.